



381. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn í starfsmannahúsinu á Þingvöllum þann 26. ágúst 2011 að lokinni skoðun á jarðfallinu í Kárastaðastíg. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður I. Jóhannsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Þuríður Backman, Ólafur Örn Haraldsson, Einar Á. E. Sæmundsen, Guðrún St. Kristinsdóttir og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Valgerður Bjarnadóttir tók þátt í fundinum símleiðis.

Þetta gerðist:

1. Starfsemi og framkvæmdir í þjóðgarðinum í sumar:

Þjóðgarðsvörður upplýsti um starfsemi og framkvæmdir í þjóðgarðinum það sem af er ári.

- Gestir þjóðgarðsins hafa aldrei verið fleiri.
- Þjónusta og framboð á vörum í versluninni á Hakinu var stóraukin til móts við vaxandi eftirspurn. Starfsmönnum á Haki var fjölgað vegna aukinnar þjónustu bæði í búðinni og vegna nýju salernanna. Sértekjur þjóðgarðsins hafa aukist til muna. Í undirbúningi er að aðgreina landvörslu annars vegar og verslun og þjónustu hins vegar næsta sumar.
- Gjaldtaka við nýju salernin á Hakinu gengur vel fyrir utan smávægilega byrjunarörðugleika. Samskipti við ferðamenn og aðila í ferðaþjónustunni hafa gengið vel.
- Umferð bíla í gegnum þjóðgarðinn hefur aukist gríðarlega eftir opnun nýja Lyngdalsheiðarvegarins. Af veginum stafar aukin slysaþætta og ónæði, hljóð- og útblástursmengun. Mótvægisáðgerðir vegna aukinnar bílaumferðar halda áfram í haust og fram á næsta ár. Sjá umfjöllun í lið 7.
- Unnið var við stíga og viðhald göngubrúa en vorflóð í Öxará léku mannvirki illa.
- Í starfsmannahúsi landvarða þurfti að taka upp gólf og gólfefni og rífa niður vegg og innréttingar vegna músagangs og óþrifa sem honum fylgdu.
- Skógrækt ríkisins grisjaði greniskóginn ofan Vatnsvíks og gekk það vel.
- Girðing ofan sumarbústaða vestan vatns verður sett upp í sumarlok.
- Fornleifaskráningu var haldið áfram.
- Unnin var fagleg úttekt á ástandi og viðhaldsþörf Þingvallakirkju. Úttektina annaðist Magnús Skúlason arkitekt. Skýrslan verður send til nefndarmanna.

2. Sérstök fjárveiting v. þjóðgarða.

Á fjárlögum þessa árs er sérstök fjárveiting til framkvæmda á ferðamannstöðum, friðlýstum svæðum og þjóðgördum sem fjármögnuð skyldi með gjaldi af ferðamönnum og runnu 10 mkr. til þjóðgarðsins á Þingvöllum af því fé.

Þingvallanefnd samþykkir að ráðstafa fjárveitingunni til að útbúa skilti, hanna yfirlitskort og setja upp á völdum stöðum, ásamt upplýsingum um viðkomandi stað, ennfremur að lagfæra göngubrýr og palla. Þjóðgarðsverði er falin framkvæmdin.

3. Opnunartími verslana og þjónusta í vetur.

Þingvallanefnd samþykkir eftirfarandi: Þjónusta og viðskipti verða aukin verulega frá fyrri vetrum. Þjónustumiðstöð og Fræðslumiðstöð verða opnar í september frá kl. 9.00 -17.00. Frá 1. okt. – 31. mars verður Fræðslumiðstöð opin frá 9.00- 17.00 en Þjónustumiðstöð lokað frá 1. október fram á vor.

Gjaldtöku verður haldið áfram á nýju salernunum í september og október, en eftir það verða gömlu salernin opnuð fyrir ferðamönnum og verður aðgangur að þeim ókeypis.

Þuríður leggur áherslu á að kynna þurfi bættu þjónustu fyrir almenningi og ferðamönnum.

4. Fjárhagsstaða og undirbúningur fjárlaga 2012.

Formaður og þjóðgarðsvörður upplýsa að rekstrarstaða þjóðgarðsins þann 31.7.2011 er u.þ.b. 3 mkr. í plús. Launaliður hefur farið fram úr áætlun en sértekjur hafa aukist. Nýjar tekjur af salernum og veitingasölu eru u.þ.b. 4 mkr. en auka þurfti mannafla á Hakinu til að mæta auknum ferðamannafjölda og veita betri þjónustu. Fjárhagsstaða þjóðgarðsins stefnir í að vera innan fjárveitinga 2011.

Veltubreyting ásamt hækkuðum lóðarleigutekjum kalla á aukningu á ramma ársins 2012 upp á 10,3 mkr.; 5 mkr. vegna hækkunar á lóðarleigu og 5,3 vegna aukinna sértekna. Óskað hefur verið eftir við Forsætisráðuneytið að þjóðgarðurinn fái að nýta þessa aukningu.

Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði að gera tillögu að rekstrar- og framkvæmdaáætlun 2012.

Þorgerður Katrín leggur áherslu á að sjónarmið Sjálfstæðismanna sé að ríkisstofnanir eigi ekki að þenjast út vegna aukningar á sértekjum.

5. Hugmyndaleit.

Alls hafa 120 umslög borist í skála Alþingis vegna hugmyndaleitarinnar og vinna þingverðir nú að því að aðgreina nöfn og tillögur áður en dómnefnd fær tillögurnar til sín. Dómnefndin stefnir á að hittast fyrstu vikunni í september en allt bendir til að þessi góðu skil krefjist töluverðar vinnu.

Einnig hafa 10–20 tölvupóstar borist með hugmyndum um hvað á að vera á Þingvöllum. Þeim sem sendu rafrænt var öllum gert ljóst að þeir féllu ekki inn í hugmyndaleitina sjálfa en að tillögur þeirra væru vel þegnar.

Þingvallanefnd samþykkir að efna til sýningar og kynningar á öllum tillögum þegar vinna dómnefndar er lokið. Eftir verði til málþings um tillögurnar og framtíðarskipan í þjóðgarðinum.

Á milli nefndarfunda verður hugað að endurskipulagningu þjóðgarðsins. Vinna við nýtt heildarskipulag getur tekið 1–2 ár, en vænta má þess að hugmyndir úr hugmyndaleitinni geti nýst við þá vinnu.

6. Kárastaðastígur, jarðfallið í Almannagjá.

Í vor ákvað Þingvallanefnd að ekki yrði mokað ofan í jarðfallið sem varð ofarlega í Kárastaðastíg en leita þess í stað leiða til að nýta „nýju“ gjána til að auka upplifun gesta og bæta fræðslu um hið einstaka náttúrufrýrbrigði sem landmótun á Þingvöllum er.

Fyrir lá að óvissa um framkvæmdir í Almannagjá og kostnað við þær væri nokkur og áður en ákveðið yrði hvort lagt skuli stállok eða grind yfir gjána eða göngubrú, þyrfti að kanna aðstæður betur. Báðar þessar leiðir voru innan kostnaðaráætlunar sem kynnt var í vor. Enn er mikil óvissa sem þarf að eyða með því að kortleggja gjána, opna hana betur, skoða umfang hennar, athuga hvernig veggirnir halda og hnitsetja stærð og dýpt. Erfitt að meta kostnað og framkvæmdir fyrr en því verki er lokið en mikill ferðamannstraumur í allt sumar hefur hamlað því verki.

Þingvallanefnd fékk vilyrði fyrir aukafjárveitingu til að ganga frá niðurfallinu og planinu ofan Kárastaðastígs að upphæð 23 mkr. Kostnaðaráætlunir sem verk- og jarðfræðingar hafa unnið fyrir nefndina eru á bilinu 14–27 mkr. fyrir hönnun og vinnu við gjána eina.

Hins vegar hefur óvissa minnkað varðandi planið fyrir ofan gjána og framhald Kárastaðastígs niður að Stuttastíg. Þjóðgarðurinn á efni sem hægt er að nota til viðhalds og verður framkvæmdin því ódýrari en reiknað var með.

Þingvallanefnd samþykkir að hefja nú þegar framkvæmdir á Kárastaðastíg með því að hreinsa frá gatínu, hnitsetja gjána niður fyrir það, kortleggja aðstæður og moka uppúr gjánni. Umsjón með verkinu ásamt þjóðgarðsverði hafi Hjörleifur Stefánsson arkitekt og Kolbeinn Sveinbjörnsson á Heiðarbæ. Áætlað er að þessar aðgerðir kosti innan við 1 mkr. en þær eru nauðsynlegar til að draga úr óvissu um fýsileika, kostnað og hönnunarforsendur framkvæmdarinnar. Jafnóðum og niðurstöður liggja fyrir fari fram endurmat á framkvæmdum og kostnaðaráætlun.

Valgerður Bjarnadóttir kvaddi fundarmenn kl. 11.35.

7. Umferð gegnum þjóðgarðinn, mótvægisadgerðir.

Lyngdalsheiðarvegur er mikil samgöngubót en gífurleg aukning hefur orðið á umferð gegnum þjóðgarðinn eftir að vegurinn var opnaður í september á síðasta ári. Ætla má að um 1 milljón manna fari í gegnum þjóðgarðinn á ári hverju. Þrátt fyrir að flestir aki skynsamlega hefur hraðakstur gegnum þjóðgarðinn aukist mikið sem hefur aftur aukna slyshættu í för með sér ásamt tilheyrandi umferðargný og mengun á þessum viðkvæma stað.

Þingvallanefnd samþykkir eftirtaldir mótvægisadgerðir sem undirbúnar hafa verið í samráði við Vegagerðina, þ.e. að sett verði upp umferðarmerki skv. hámarks hraða (50 km/klst) með kílómetra bili, framúrakstur verði ekki heimill nema á fáum völdum stöðum, umferðarskynjari sem telur og greinir umferð verði lagður í veginn og vefmyndavél sett á mastur ofan útsýnisplans við Hrafnagjá og greinir sú myndavél umferð, vetrarfærð, veður o.fl. og gefur yfirsýn yfir stóran hluta þjóðgarðsins. Samþykkt að draga úr umferð á viðkvæmu svæði meðfram vatninu við Vatnsvík, Vellanköttlu og Ólafsdraát. Stefnt er að því að koma á einstefnu og útbúa snúningsplan vestan þessa viðkvæma svæðis.

Vegagerðin greiðir þessar mótvægisadgerðir.

8. Köfun og starfssemi köfunarfyrirtækja í þjóðgarðinum.

Þjóðgarðsvörður upplýsir að hann hafi ásamt fræðslufulltrúa þjóðgarðsins átt fundi með Siglingastofnun og rekstraraðilum í köfun. Niðurstaða þeirra funda er að settar verði reglur í samráði við köfunarfyrirtæki og Siglingastofnun um vottun og starfsleyfi fyrirtækja sem selja köfun og skylda starfsemi í þjóðgarðinum. Komið verði á fyrirkomulagi sem tryggir að

köfunarstaðir sé ekki ofsetnir. Aðstaða fyrir fyrirtæki með köfunarþjónustu og gesti þeirra verði komið upp þannig að rúmist innan skipulags þjóðgarðsins. Fyrirtæki í köfunarþjónustu greiði gjald fyrir aðgang og aðstöðu og verði það notað til að tryggja öryggi og kosta framkvæmdir s.s. snyrtingar, bílastæði, stíga og bryggjur, verndun gróðurs og náttúru.

Í dag er ástandið kringum Silfru mjög slæmt. Vegurinn er oft undirlagður af bílum og standa kafarar oft á veginum og skipta um föt. Engin salerni eru á svæðinu og er gróðurinn traðkaður niður í svörð vegna ágangs.

Þingvallanefnd samþykkir að þjóðgarðsvörður haldi þessum undirbúningi áfram og leggi tillögu fyrir nefndina í samræmi við framangreint.

Björgvin G. Sigurðsson vék af fundi kl. 12.15.

9. Heildarskipulag þjóðgarðsins, þarfagreining og endurskoðun á deiliskipulagi á Haki og við Fræðslumiðstöð.

Frestað.

Erindi og önnur mál:

1) Kárastaðir.

Þingvallanefnd samþykkir að svara erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis á þann veg að afmörkuð lóð umhverfis gamla bæinn að Kárastöðum fái sömu stöðu og aðrar leigulóðir í þjóðgarðinum. Eigendur leigi þannig lóðina af Þingvallanefnd og skilyrði séu sambærileg við það sem gerist um aðrar lóðir innan þjóðgarðsins.

Þetta fyrirkomulag hefur verið rætt við ráðuneytið og rúmast innan heimilda og verklags. Nefndarmenn óska eftir að fá svarbréf sent til sín.

2) Forkaupsréttur v. Valhallarstígs syðri nr. 1.

Þingvallanefnd samþykkti í tölvupósti dags. 6. júlí 2011 að falla frá forkaupsrétti að Valhallarstíg syðri nr. 1. Erindið lagt fram á fundinum.

3) Fundargerð frá síðasta fundi.

Fundargerð 380 lögð fram, verður einnig send samkvæmt venju í tölvupósti til athugasemda.

4) Fundargerð 379.

Athugasemdir bárust við fundargerð 379, þ.e. við bókun tveggja nefndarmanna. Athugasemdirnar hafa verið færðar í fundargerðina.

Þingvallanefnd samþykkir að hafa óbreyttan hátt á við afgreiðslu fundargerða, þ.e. að fundaritari sendi drög til nefndarmanna sem hafi tiltekinn frest til að gera athugasemdir og leiðréttingar. Eftir það verði fundargerðir birtar á vef þjóðgarðsins. Áréttað er að nefndarmenn hafi svigrúm til að færa til bókar í stuttu máli afstöðu sína til efnisatriðis mála sem á dagskrá eru og afgreiðslu þeirra.

5) Samþykkt að þjóðgarðsvörður bjóði rekstraraðila veitingasölu í Þjónustumiðstöð áframhaldandi leigusamning til tveggja ára í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið 12.40.